

Verklag og verkferill samráð og samvinna við veitingu þjónustu

- ⇒ Sótt um þjónustu (stuðningsþjónustu (þ.m.t. vegna barnaverndar s.s. stuðningsfjölskyldu, persónulegan ráðgjafa), ferðarþjónustu fyrir fatlað fólk, NPA, félagslegt leiguhúsnæði, sértæka búsetu, skammtí mavistun).
 - Umsókn og fylgigögn
- ⇒ Tilkynning um móttöku umsóknar og boð í viðtal (staðlað bréf)
- ⇒ Viðtal (viðtöl)
 - Um getur verið að ræða eitt eða tvö viðtöl þar sem farið er yfir umsóknareyðublaðið með umsækjanda og/eða umsóknareyðublað fyllt á staðnum með hlutaðeigandi, upplýst um hvað felst í/fyrirkomulagi þjónustunnar sem verið er að sækja um, regluverkið eftir því sem við og upplýst um aðra þjónustu sveitarfélagsins eftir því sem við á. Þá er umsóknarferlið skýrt, hver eru skilyrðin fyrir að fá umsókn samþykkt. Athuga hvort umsækjandi er með SIS mat ef það á við, og/eða athuga hvort vilji sé til að sótt verði um það. Kynna matsviðmið/matsblað sem er til grundvallar þjónustunni og byrja á heildstæðu mati á stuðningþörf í samvinnu við umsækjanda.
 - Ef þörf er á fleiri gögnum, senda bréf og óska eftir þeim
 - Umsóknareyðublað verður að vera undirritað.
- ⇒ Framhaldsviðtal (viðtöl)
 - Um getur verið að ræða eitt eða tvö viðtöl. Umsækjandi skilar viðbótar upplýsingum óski hann þess. Þjónustumat er áfram unnið í samráði við umsækjanda í viðtalinu.
- ⇒ Ef um er að ræða umsókn um stuðningsþjónustu
 - Niðurstaða sérfræðings tekin fyrir á teymisfundi skóla- og velferðarþjónustu
 - Send bréf um niðurstöðu samþykkt eða synjun
 - Sérfræðingur boðar í viðtal ef þjónustunni er úthlutað

- ⇒ Ef um er að ræða umsókn um almennt félagslegt leiguhúsnæði eða leiguíbúðir fyrir aldraða
- Niðurstaða á grunni matsviðmiða send fagteymi skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs þegar til úthlutunar á húsnæði kemur. Fagteymið tekur umsóknir til umfjöllunar og sendir sérfræðingi bréf/tölvupóst um úthlutun eða hvort umsókn er áfram á bið.
 - Send bréf um niðurstöðu samþykkt eða synjun
 - Sérfræðingur boðar í viðtal ef íbúð er úthlutað.
- ⇒ Ef um er að ræða umsókn um búsetu í íbúðakjarna og skammtí mavistun fyrir fatlað fólk
- Niðurstöður sendar til fagteymis Bergrisa sem tekur til umfjöllunar og sendir sérfræðingi bréf/tölvupóst um úthlutun eða hvort umsókn fer á bið.
 - Send bréf um niðurstöðu samþykkt eða synjun
 - Ef samþykkt umsókn vegna búsetu fer á bið skal sérfræðingur tilkynna um ástæðu tafanna og hvenær fyrirhugað sé að húsnæði verði úthlutað. Vinna skal jafnframt áætlun um útvegum viðeigandi húsnæðis auk þess sem umsækjandi skal upplýstur um þau úrræði sem honum standa til boða á biðtíma.
 - Sérfræðingur boðar í viðtal ef þjónustunni er úthlutað
- ⇒ Viðtal vegna úthlutunar þjónustu
- Ganga frá samningi. Í viðtalinu þarf að upplýsa um stöðumat/fund að 3 mánuðum liðnum.
 - Ef um búsetu í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk er að ræða þá boðar sérfræðingur/málstjóri umsækjanda í viðtal og upplýsir um úrræðið. Síðan setur sérfræðingur/málstjóri í samband við forstöðumann búsetuúrræðis og ákveðin er fundur með notanda, málstjóra og forstöðumanni þar sem farið er yfir næstu skref og ákveðnar tímasetningar á flutningi ofl.

⇒ Viðtal vegna úthlutunar þjónustu (framhald)

- Sérfræðingur/málstjóri notanda ber ábyrgð á að senda umsókn og þarfagreiningu til forstöðumanns auk annarra þeirra upplýsinga sem ætla má að skipti máli við þjónustuveitingu í íbúðakjarnanum. Hann fylgir eftir flutningi og aðlögun notanda við búsetu eftir þörfum í samvinnu við forstöðumann og notanda og skal slíkt vera skilgreint í einstaklingsbundinni þjónustuáætlun. Við flutning færast málstjórn yfir til forstöðumanns.
- Ef um er að ræða skammtí mavistun þá boðar sérfræðingur/málstjóri umsækjanda í viðtal og upplýsir um úrræðið. Síðan setur sérfræðingur/málstjóri í samband við forstöðumann skammtí mavistunar og ákveðin er fundur með notanda/forsjáraðila, málstjóra og forstöðumanni þar sem farið er yfir næstu skref og ákveðnar tímasetningar á hvenær þjónusta mun hefjast. Sérfræðingur/málstjóri notanda/fjölskyldu ber ábyrgð á að senda umsókn og þarfagreiningu til forstöðumanns auk annarra þeirra upplýsinga sem ætla má að skipti máli við þjónustuveitingu í skammtí mavistuninni.

⇒ Stöðumat og árlegt endurmat á þjónustuþörf er á ábyrgð málsstjóra/hlutaðeigandi sérfræðings. Í búsetu ber forstöðumaður þá ábyrgð.

Skrá skal í dagál öll þau samskipti sem eiga sér stað í kringum umsóknarferlið, símtöl, fundi, samskipti við 3ja aðila.

Sérstök áhersla er lögð á mikilvægi skráningar þegar upp kemur grunur um ofbeldi gegn fötluðu fólki.

Áður en þjónustusamningar eru endurnýjaðir skal lagt mat á hvernig þjónustan hefur gengið og skráð. Lagt skal mat á áframhaldandi þjónustu af hlutaðeigandi sérfræðingi og ákvörðun tekin á teymisfundi.